



Stefnuyfirlýsing EONS vegna bættrar öryggismenningar – Markmið og helstu tilmæli

Haldið sjúklingum og aðstandendum þeirra upplýstum og hvetjið þau til að taka virkan þátt í sinni meðferð

Með því að veita sjúklingum og aðstandendum þeirra upplýsingar sem byggðar eru á gagnreyndri þekkingu geta krabbameinshjúkrunarfræðingar tekið forystu hvað varðar öryggi sjúklinga. Samkvæmt WHO (2018) verða 1 af hverjum 10 inniliggjandi sjúklingum fyrir atvikum en það hefði mátt koma í veg fyrir helming þeirra. Óvarleg meðhöndlun lyfja er bæði kostnaðarsöm og getur verið sjúklingum hættuleg; Um 15% kostnaðar vegna heilbrigðismála er vegna atvika í tengslum við lyfjagjafir.

Sem krabbameinshjúkrunarfræðingur getur þú hvatt sjúklinga þína og aðstandendur þeirra til að láta þig vita ef þau telja að mistök hafi verið gerð í meðferð þeirra eða umönnun. Líklegt er að það geti fækkað atvikum. Hvetjið einnig sjúklinga og aðstandendur þeirra til að spyrja spurninga um þá meðferð og umönnun sem veitt er.

Forðist beina snertingu við krabbameinslyf og geisla ef þið eruð þungaðar eða eruð að reyna að verða það

Ef þú ert krabbameinshjúkrunarfræðingur og ert að reyna að verða þunguð eða ert þegar orðin það, eða með barn á brjósti, segðu yfirmanni þínum frá því. Þú getur þá unnið störf sem fela ekki í sér beina snertingu við frumudrepandi krabbameinslyf eða geislameðferðir. Þú getur metið krabbameinssjúklinga og meðhöndlað aukaverkanir en ættir að forðast beina snertingu við lyfin, eins og að tengja þau við sjúklinginn og aftengja, meðhöndlun úrgangs frá sjúklingi eða úrgang frá lyfjunum sjálfum. Þó svo að hlífðarbúnaður sé vissulega hjálplegur þá útilokar hann ekki áhættuna.

Fylgdu alltaf
verklagsreglum og
notaðu alltaf
hlífðarbúnað

Heilbrigðisstarfsfólk sem meðhöndlar frumudrepandi krabbameinslyf ætti alltaf að nota þar til gerðan hlífðarbúnað (Personal Protective Equipment; PPE) til að verjast áhættunni á mögulegum húðvandamálum, áhrifum á frjóvgun eða jafnvel auknum líkum á krabbameinum.

Sem krabbameinshjúkrunarfræðingur sem sinnir sjúklingum í lyfja- og geislameðferðum þarftu að tryggja að viðeigandi hlífðarbúnaður sé til staðar. Þú þarft einnig að vita hvar má nálgast spill kit, þú þarft að fara eftir verklagsreglum, þú þarft að láta vita ef eitthvað er ekki eins og það á að vera og mikilvægt er að þú sinnir sí- og endurmenntun til að halda þér við.

Lokuð kerfi (Closed System Transfer Devices; CSTD) geta komið í veg fyrir að lyfin leki út fyrir og gerir meðhöndlun lyfjanna öruggari. Það þyrfti að gera fleiri rannsóknir á því hversu mikil áhrif það hefur á heilsufar starfsmanna að nota CSTD.

Tilgangur verklagsreglna vegna lyfjaöryggis er að minnka líkurnar á að atvik eigi sér stað.

Krabbameinshjúkrunarfræðingar gefa oft mjög flóknar lyfjameðferðir og þá er nauðsynlegt að hafa 5 R í huga:

1. Réttur sjúklingur
2. Rétt lyf
3. Réttur skammtur
4. Rétt gjafaleið
5. Réttur tími

Látið alltaf vita ef
eitthvað er eða virðist
ekki vera rétt

Hlutverk og þekking krabbameinshjúkrunarfræðinga vega þungt í að tryggja öryggi krabbameinssjúklinga. Að fara eftir verklagsreglum og rétt notkun á búnaði eru mikilvægir liðir í að skapa öryggismenningu, sem og að hafa hugrekki til að tilkynna ef eitthvað er ekki eins og það á að vera, til að geta komið í veg fyrir atvik. Á þennan hátt geta krabbameinshjúkrunarfræðingar lagt þung lóð á vogarskálarnar í því að skapa öryggismenningu, sem dregur úr líkum á atvikum hjá bæði sjúklingum og starfsfólki.

In this way, cancer nurses can contribute strongly to achieving a high patient safety culture, which will reduce the risks for both patients and staff.

Further reading

EONS Cancer Nursing Education Framework, module 3 -

<http://www.cancernurse.eu/documents/EONSCancerNursingFramework2018.pdf>

Ten Facts on Patient Safety by WHO -

https://www.who.int/features/factfiles/patient_safety/en/

“Five moments for medication safety” – for both health care professionals and patients -

<https://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/311157/WHO-HIS-SDS-2019.3-eng.pdf?ua=1>

“Adverse events in hospitalized cancer patients”

Haukland EC, von Plessen C, Nieder C, Vonnen B. Adverse events in hospitalised cancer patients: a comparison to a general hospital population. *Acta Oncologica*. 2017;56(9):1218-23

“Preventable and mitigable adverse events in cancer care”

Lipitz-Snyderman A, Pfister D, Classen D, Atoria CL, Killen A, Epstein AS, et al. Preventable and mitigable adverse events in cancer care: Measuring risk and harm across the continuum. *Cancer*. 2017;123(23):4728-36.

“Safety Hazards in Cancer Care”

Mattsson TO, Knudsen JL, Brixen K, Herrstedt J. Does adding an appended oncology module to the Global Trigger Tool increase its value? *Int J Qual Health Care*. 2014;26(5):553-60.

An editorial on Patient Safety - Charalambous, A. and Kelly, D. (2018) Promoting a safety culture through effective nursing leadership in cancer care. *European Journal of Oncology Nursing*. 36: vi-vii Available at doi: 10.1016/j.ejon.2018.10.002.

How nurses adhere to safe handling - Polovich M, Olsen M.

Safe Handling of Hazardous Drugs. 3rd Ed. Pittsburgh, PA: Oncology Nursing Society; 2017; Wiley, K.

The Oncology Nursing Society’s Toolkit -

https://www.ons.org/sites/default/files/2018-06/ONS_Safe_Handling_Toolkit_0.pdf

Cytotoxic drugs and pregnancy - Gilani S, Giridharan S. Is it safe for pregnant health-care professionals to handle cytotoxic drugs? A review of the literature and recommendations. *Ecancermedicalscience*. 2014;8:418.

Transfer of cytotoxic drugs with or without CSTD - Bartel, S. B., et al. (2018). "Multicenter evaluation of a new closed system drug-transfer device in reducing surface contamination by antineoplastic hazardous drugs." *Am J Health Syst Pharm* **75**(4): 199-211

A systematic review on the use of CSTD - Gurusamy, K. S., et al. (2018). "Closed-system drug-transfer devices plus safe handling of hazardous drugs versus safe handling alone for reducing exposure to infusional hazardous drugs in healthcare staff." *Cochrane Database Syst Rev* **3**: CD012860.

National Institute for Occupational Safety and Health (NIOSH) and the [American Society of Health-System Pharmacists](#) (ASHP)

European Legislation Protecting Cancer Nurses and other Healthcare Workers

Protection from harmful substances:

Directive (EU) 2019/130 amending Directive 2004/37/EC on the protection of workers from the risks related to exposure to carcinogens or mutagens at work

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32019L0130>

Protection against long working hours:

The European Working Time Directive

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32003L0088>

Global Level Action on Patient Safety (World Health Organisation):

http://apps.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB144/B144_29-en.pdf

The Manifesto is endorsed by:

